

Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannaþje.

Nr. 43/1892:

Kr. Ó. Þorgrímsson
gegn

Lárusi Bjarnason fyrir hönd
A. F. van Amstells.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði málaflutningsmaður Lárus Bjarnason fyrir hönd A. F. van Amstells kaupmanns í Amsterdam á Hollandi gegn bóksala og kaupmanni Kr. Ó. Þorgrímssyni í Reykjavík út af verzlunarviðskiptaskuld, að upphæð 672 kr. 68 aur., sem hinn fyrnefndi þóttist eiga hjá hinum síðarnefnda fyrir ýmsar vörur, er hann tjáist hafa sent áfrýjanda. Var málið dæmt í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar 22. september f. á. á þann hátt. að Kristján Ó. Þorgrímsson skyldi greiða Lárusi Bjarnason fyrir hönd A. F. Amstells 672 kr. 68 aura með 5^o vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 15 kr. í málskostnað; fyrir óviðurkvæmilegan rithátt var Lárus Bjarnason dæmdur til að greiða 10 kr. sekt, helming í landssjóð og helming í fátækra sjóð Reykjavíkur. Þessum dómi hefur bóksali Kristján Ó. Þorgrímsson áfrýjað til yfirrjettarins með stefnu útgefinni 7. okt. f. á., og gjört þær rjettarkröfur *principaliter*, að hann verði algjörlega sýkn dæmdur í málinu og að honum verði tildæmt endurgjald málskostnaðar fyrir báðum rjettum með 60 kr. eða einhverri nægilegri

upphæð, en *til vara*, að krafa mótpartsins verði með dóminum færð niður um 232 kr. 87 aur. og honum tildæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum, og loksins hefur hann krafizt þess til *þrauta-vara*, að frá kröfu mótpartsins verði dregnar 77 kr. 46 aur. og að málskostnaður verði þá látinn falla niður fyrir báðum rjettum. Á hinn bóginn hefur umboðsmaður hins stefnda krafizt þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirrjetti með einhverri nægilegri upphæð.

Aðalsýknunarkröfu sína hjer fyrir rjettinum hefur áfrýjandinn rökstutt með því, að hann tjáist ekki viðurkenna gildi umboðs þess, sem Lárus Bjarnason hefur framlagt frá A. F. van Amstell fyrir sig, til þess að höfða og reka mál þetta, og vill sjerstaklega vefengja undirskriptina á umboðinu, þar sem hún sje eigi sönnuð eða staðfest af lögmætu yfirvaldi eða á annan hátt. Þessi mótmæli gegn gildi umboðs-kjalsins flutti áfrýjandi fram í hjeradsrjettinum og krafðist þá frávísunar sakarinnar í krapti þeirra, en nefndri kröfu hans var hrundið með úrskurði rjettarins 3. júní f. á , og hefur þeim úrskurði eigi verið áfrýjað sjerstaklega, og verður honum þar af leiðandi eigi breytt, eins og málið liggur fyrir. Rjetturinn verður að álíta, að áfrýjandi geti eigi fyrir yfirdóminum komið fram með þessi sömu mótmæli gegn umboðinu sem sýknunarástæðu, þar sem þau eigi komu á þann hátt fram í undirrjettinum, og jafnframt skal þess getið, að áfrýjandi hefur eigi beint neitað því, að van Amstell hafi undirskrifað umboðið, en eptir því sem annars er framkomið í málinu getur eigi verið um annan van Amstell að ræða í þessu efni en þann, sem áfrýjandi kannast við að hafa haft við-

skipti við. Nefnd aðalsýknunarkrafa áfrýjanda verður því eigi tekin til greina.

Kröfur sínar um niðurfærslu reikningsins frá van Amstell byggir áfrýjandi á eptirfylgjandi atriðum:

1. Hann tjáist hafa sent hinum stefnda 1395 brúkuð íslensk frímerki, sem hann telur á 5 aura hvert, eða alls kr. 69,76 aur., en stefndi hefur eigi reiknað honum meira en $2\frac{1}{2}$ eyri fyrir stykkið, eða alls 34 kr. 88 aur.; er þannig mismunurinn 34 kr. 88 aur., sem áfrýjandi telur oflágt reiknað sjer til inngjalda fyrir frímerkin. Áfrýjandinn hefur haldið því fram fyrir undirrettinum, að stefndi hafi heitið sjer „hæsta verði“ fyrir brúkuð frímerki, þ. e. að stefndi skyldi gefa fyrir þau jafnmikið og mest fengist fyrir þau í Amsterdam. Greinilegar virðist áfrýjandi eigi hafa kveðið á um verð frímerkjanna, en sent þau stefnda reikningslaust upp í vörur frá honum. En að svo vöxnu máli getur áfrýjandinn eigi krafist eptir á hærra verðs af stefnda fyrir frímerkin, en stefndi hefur reiknað honum, nema hann sanni, að frímerkin hafi verið meira virði — en það hefur hann eigi einu sinni reynt að gjöra. Krafa áfrýjanda þessu atriði viðvíkjandi verður því eigi tekin til greina.

2. Hefur áfrýjandi neitað að greiða kr. 1,25 fyrir sýnishorn af sardínnum og kaffi, og kr. 11,50 fyrir umbúðir um smjörlíki, með því að það sje eigi verzlunarvenja, að kaupendur borgi þetta. Þar sem áfrýjandi eigi hefur sannað, að það sje verzlunarvenja, að kaupendur fái slíkt ókeypis — en því hefur verið neitað — og þar sem svo er að sjá, að hann hafi hagnýtt sjer bæði nefnd vörusýnishorn og umbúðirnar, en eigi sent þau aptur til hins stefnda, getur hann eigi komizt hjá.

að verða dæmdur til að greiða nefnda upphæð kr. 12,75.

Í 3. lagi hefur áfrýjandi kært yfir því, að í reikningi van Amstells til hans með ostasendingu nokkurri hafi verið ranglega færð til 47,8 kilogrömm af Gouda-osti í stað 47,8 *punda*, eins og stendur í reikningi þeim, er fram er lagður nú af hálfu stefnda. En af þessari ritvillu kveðst áfrýjandi hafa leiðzt til að selja ostinn helmingi ódýrara, en honum er reiknaður hann af stefnda, og krefst því niðurfærslu á kröfu stefnda um kr. 16,41. En eins og á stóð, þar sem sendingin eigi kom heim við reikninginn, átti áfrýjandi að leita skýringar hjá stefnda áður hann seldi ostinn, og þar sem hann hætti á að selja hann með öðru verði en í reikningnum stóð, verður hann að bera skaðann af því. Þetta kæratriði verður því heldur eigi tekið til greina.

4. Þá hefur áfrýjandi kvartað undan verðinu á öllum ostunum, sem hann fjekk frá Amstell, og krafist þess, að það væri fært niður, þannig, að hvert pund af osti verði eigi reiknað herra en 40 aur. Verðið á öllum ostinum 120,8 pd. er honum talið 79 kr. 73 aur., en hann þykist eigi vera skyldur til að greiða meira en kr. 48 32; heimtar hann að mismunurinn, 31 kr. 41 eyr., verði dreginn frá skuldakröfu Amstells.

5. Ennfremur hefur áfrýjandi fundið það að reikningi Amstells, að honum sjeu færð til útgjalda 300 kilogrömm = 600 pd. af smjörlíki, sem 8 smjördunkar, sem áfrýjandi kannast við að hafa fengið, hafa átt að innibalda, en í dunkunum hafi að eins reynzt vera 570 pd. eða 30 pd. minna, en hann er krafinn um borgun fyrir; auk þess sje verðið á smjörlíki þessu allt of hátt sett, þar sem honum sje reiknað það á 65 aura.

Áfrýjandi telur að honum sje eigi skylt að borga það hærri verði en 50 aura pr. pund. Samkvæmt þessu heimtar áfrýjandi, að reikningur Amstells verði, að því er margarin þetta snertir, settur niður um kr. 19,50 fyrir viktarmismun og kr. 112,50 fyrir verðmun, samtals kr. 132,00.

6. Loksins hefur áfrýjandi neitað því, að hann hafi meðtekið 4 dósir af smjörliki, sem honum eru taldar til skuldar í reikningnum, og sem áttu samkvæmt reikningi þeim, er sendingunni fylgdi og sem áfrýjandi hefur sjálfur framlagt í málinu, að vera í sama kassa og fyrgreindur Gouda-ostur, er þó hefur komið til skila, og krefst hann þess, að verð þeirra kr. 5,42 verði dregið frá skuldakröfunni.

Aðfinnslum þeim við reikning van Amstells, sem tilgreindar eru hjer að framan sub. 3—6, hefur umboðsmaður hans mótmælt skorinort og afdráttarlaust, og jafnframt getið þess, að áfrýjandi hafi í hvert sinn, er hann fjekk vörur frá van Amstell, fengið sundurliðaðan reikning yfir vörurnar og verð þeirra; hafi hann orðalaust veitt vörunum móttöku, án þess að kvarta yfir því, að hann hefði fengið minna en honum var reiknað eða að verðið væri of hátt; hafi hann svo selt vörurnar, eða hagnýtt sjer þær, og engum aðfinnslum eða mótmælum breift fyr en mál þetta var höfðað, nærfellt ári eptir að hann hafði fengið vörurnar.

Áfrýjandi hefur nú eigi getað sannað það gegn þessari staðhæfingu stefnda, að vantað hafi á vörusendingar þær, er fyr er getið, nje heldur mótmæli sín gegn verðlaginu, og þar sem hann allt að einu hefur selt vörurnar eða hagnýtt sjer þær, án þess að gefa stefnda kost á að ráðstafa þeim á annan hátt, virðist

hann nú eptir á eigi geta komið fram með ofangreind-
 ar aðfinnslur og mótmæli. Sjerstaklega gat honum eigi
 verið heimilt að setja annað eða lægra verð á vöru van
 Amstells, en hann hafði skýlaust ákveðið, og um það,
 sem vansent kynni að vera af vörunum samkvæmt
 reikningunum, bar honum að gjöra van Amstell aðvart
 með fyrstu ferð á eptir. Af ástæðum þeim, sem þannig
 hafa verið tilgreindar, verða ofanritaðar útásetningar á-
 frýjanda við reikning hins stefnda eigi teknar til greina,
 og ber því að staðfesta hinn áfrýjanda dóm í aðalefni
 hans. Ákvæði hjeradsdómsins um málskostnað sam-
 þykkjast, og eptir þessum úrslitum málsins þykir rjett,
 að áfrýjandi greiði hinum stefnda upp í málskostnað
 fyrir yfirdómi 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi bæjarþingsdómur á vera óraskaður
 að því leyti honum hefur verið áfrýjað. Áfrýjandi
 Kr. Ó. Þorgrímsson greiði hinum stefnda Lárusi
 Bjarnason fyrir hönd A. F. van Amstells sem máls-
 kostnað fyrir yfirdómi 30 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá
 lögbirtingu hans undir aðför að lögum.